# Δδ

## 30 ára annáll Deltadeildar



# Inngangur

**Eftirfarandi annálar gefa yfirlit yfir stofnun Delta-deildar árið 1987 og helstu verkefni í 30 ár eftir stofnun.**
**Uppbygging hvers annáls miðast við að tiltaka þær sem sátu í stjórn hvers tveggja ára starfstímabils ásamt helstu áherslum tímabilsins og síðan að tíunda málefni og helstu liði allra funda hvers starfsárs fyrir sig.**

**Ath. að reglan er sú að hvert starfstímabil deilda (kjörtímabil stjórna) í DKG nær yfir tvö starfsár. Það hefst 1. júlí þegar ártalið er slétt tala með nýrri stjórn og endar 30. júní næst þegar ártalið er slétt tala og næsta stjórn tekur við.**
**Hvert starfsár um sig er frá 1. júlí -30. júní næsta ár.**
**Annálarnir taka mið af þessu skipulagi.**

**Aðdragandi, stofnun og upphaf starfa Deltadeildar 1987**
Á útmánuðum 1987 var haldinn kynningarfundur á vegum landssambands DKG fyrir konur í fræðslustörfum á Vesturlandi á Hótel Borgarnesi. Þar var konum af Vesturlandi, allt frá Akranesi og Hvalfirði í Búðardal og einnig af sunnanverðu Snæfellsnesi, boðið að gerast félagar í nýrri deild sem landssambandsstjórn hafði ákveðið að stofnuð yrði um vorið. Við vorum nokkrar af svæðinu sem þáðum boðið á kynninguna og að ganga í félagið. Deltadeildin var svo stofnuð á landssambandsþingi á Varmalandi í Borgarfirði 2. maí 1987. Deltadeild var fjórða deildin sem stofnuð var á Íslandi og jafnframt fyrsta landsbyggðardeildin en áður höfðu verið stofnaðar Alfadeild og Gammadeild á höfuðborgarsvæðinu og Betadeild á Akureyri á árunum 1975-1977.

Átta konur af Vesturlandi mættu á landssambandsþingið og voru teknar inn við hátíðlega athöfn sem Pálína Jónsdóttir fráfarandi landssambandsforseti stýrði. Jafnframt var kjörin fyrsta stjórn deildarinnar. Deildin var stofnuð með 8 félögum en til að hún teldist lögleg þurfti 12 félaga. Stofnun deildarinnar telst því fyrst hafa orðið lögleg eftir að haldinn var framhaldsstofnfundur 31. október 1987 þar sem teknar voru inn 7 félagskonur til viðbótar. Sjöfn Sigurbjörnsdóttir úr Alfadeild, sem þá var tekin við sem nýr forseti landssambandsins, stýrði þeirri athöfn. Það má því segja að við eigum 15 stofnfélaga, tvo afmælisdaga þ.e. 2. maí og 31. október og tvær "guðmæður": Pálínu Jónsdóttur úr Gammadeild og Sjöfn Sigurbjörnsdóttur úr Alfadeild.

Tillaga kom frá landssambandsstjórn í upphafi um að stefna að því að hafa fyrsta starfstímabil deildarinnar í 3 ár. Þar sem deildin var stofnuð þegar eitt ár var eftir af starfstímabili deildarstjórna var það talið heppilegt fyrir hana að hafa lengri tíma en eitt ár til að komast í gang. Einnig var ljóst að við þyrftum að hefja starfið með framhaldsstofnfundi því yrði deildin ekki lögleg fyrr en rúmu hálfu ári áður en nýtt starfstímabil deilda átti að hefjast. Þessi tillaga var því samþykkt. Nýja stjórnin byrjaði strax eftir kjörið vorið 1987 að skipuleggja starfið. Það þurfti að huga að mörgum þáttum, því fyrir utan það að fjölga félögum og finna starfinu farveg, þurftum við að eignast ýmsar veraldlegar eigur sem til þurfti til að halda í hefðir DKG. Við vorum eiginlega eins og fátækt fólk sem er að byrja að búa með tvær hendur tómar en nóg af kappsemi til að hefjast handa. Við höfðum,

við stofnun deildarinnar, fengið lög og reglugerðir ásamt félagatali frá landssambandinu og einnig "byrjunarpakka" frá alþjóðasamtökunum sem innihélt skrautlega rauða og gyllta nafnaskráningarbók fyrir inntöku nýrra félaga og aðra fallega rauða og gyllta fundargerðarbók ásamt lögum og reglugerð á ensku.

Fleira þurfti til að sinna starfinu í takt við hefðir samtakanna svo að á fyrstu fundunum fengum við lánaða muni frá landssambandinu og Alfadeildinni. Smám saman tókst okkur svo að eignast helstu muni, kertastjaka, stóra og smáa, rósaskál, dúka, albúm og ýmis upplýsingarit á ensku og íslensku. Félagsnælur var erfitt að fá og það þurfti töluverðar útréttingar til að útvega þær frá alþjóða-höfuðstöðvunum fyrir nýja félaga því það dróst lengi að þær kæmust til okkar. Í fundargerðum frá þessum tíma kemur fram að þær hafi ýmist týnst á leiðinni, alltof fáar verið sendar og fleiri hremmingar sem gerðu okkur erfitt fyrir á tímum sniglapósts og talsíma.

Pálína Jónsdóttir, sem var fráfarandi forseti landssambandsins við stofnun, Sjöfn Sigurbjörnsdóttir, sem kosin var landsforseti á þinginu á Varmalandi, og svo enn síðar Sigríður Valgeirsdóttir sem tók við sem landsforseti  þar á eftir, voru okkar traustu bakhjarlar þessi fyrstu þrjú ár með upplýsingagjöf, heimsóknum og hvatningu. Fyrstu árin sýndu þær starfi okkar mikinn áhuga og velvild.

Við vorum 15 í löglegu félagi en vorum þó enn of fáar til halda uppi góðri fundarsókn og virkni. Mikil áhersla varð því á fjölga félögum, kynnast og finna verðug verkefni að fást við. Við vorum allar nýjar í þessum félagsskap og því tók við það verkefni við að læra á starfshætti og reglur samtakanna.

Fyrstu fundir félagsins mótuðust af því að nota tímann í gagnkvæma kynningu félagskvenna og fræðast um starf þeirra og vinnustaði. Farið var síendurtekið yfir markmið, lög, reglugerð og aðrar vinnureglur og hefðir og rætt hvernig við gætum sem best unnið með það í Deltadeild. Áhugi félagskvenna var kannaður varðandi umfjöllunarefni og áherslur á markmið fyrsta starfstímabilið.

Við prófuðum okkur áfram með efnistök, fundarstaði og fundartíma. Gerðum ýmsar tilraunir, skiptum okkur í hópa til að sjá um fundina, veltum fyrir okkur hvaða tími dagsins hentaði best til funda og prófuðum ýmsa möguleika. Þetta var fyrir tíma tölvupósta og samfélagsmiðla, samskiptin fóru fram í síma (þó ekki sveitasíma!) og með bréfaskrifum á milli funda. Við mynduðum símahópa til að dreifa álaginu við að koma boðum til félagskvenna. Við tókum fyrir ýmis málefni sem voru ofarlega á baugi en segja má að fyrstu þrjú árin hafi farið í að þreifa okkur áfram og móta okkar leiðir til að njóta félagsskaparins.

## **1. Starfstímabilið 1987-1990** (3 starfsár var frávik)

Formaður Sigrún Jóhannesdóttir, 1. varaformaður Kristín Thorlacius. Kristín var einnig formaður í 3 mánuði í námsfjarveru Sigrúnar haustið 1989, 2. varaformaður Sjöfn Ásbjörnsdóttir, ritari Jóhanna Karlsdóttir ´87-´88 og Helga Tryggvadóttir ´88-´90 í námsfjarveru Jóhönnu, gjaldkerar voru Hildur Þorsteinsdóttir ´87-´88, Bryndís Þráinsdóttir ´88-´89, Gyða Bergþórsdóttir frá okt.´89 -´90 við brottflutning Bryndísar.

## Starfsárið 1987-1988

**Áherslur:** Fjölgun félaga, framhaldsstofnfundur, gagnkvæm kynni, tilhögun funda, hefðir.

### 1. fundur - A. stofnfundur sem hluti af dagskrá Landssambandsþings

Dagsetning: 2. maí
Fundarstaður: Húsmæðraskólinn á Varmalandi í Borgarfirði
Fundarefni: Stofnun Deltadeildar, kosning stjórnar og fyrstu verkefni.
Fyrirlesari /viðfangsefni: Inntökunefnd landssambandsins tók inn fyrstu 8 félagana og lögðu okkur lífsreglurnar.
Gestur/-ir/nýir félagar:

- **Guðbjörg Sigurðardóttir**
- **Gyða Bergþórsdóttir**
- **Helga Tryggvadóttir**
- **Hildur Þorsteinsdóttir**
- **Jóhanna Karlsdóttir**
- **Kristín Thorlacius**
- **Sigrún Jóhannesdóttir**
- **Sjöfn Ásbjörnsdóttir**

Orð til umhugsunar: Pálína Jónsdóttir fráfarandi landsambandsforsseti.
Annað t.d. ný stjórn, breytingar: Stjórn var skipuð og falið að undirbúa og skipuleggja framhaldsstofnfund að hausti.

### 1. fundur - B. stofnfundur og fyrsti almenni fundur deildarinnar

Dagsetning: 31. október 1987.
Fundarstaður:Hótel Borgarnes.
Fundarefni: Framhaldsstofnfundur Deltadeildar og aðrir formlegir þættir félagsstarfsins.
Fyrirlesari /viðfangsefni: Sjöfn Sigurbjörnsdóttir, Alfadeild, nýkjörinn landsforseti sá um inntöku og formlega stofnun Deltadeildar, fjórðu deildar DKG á Íslandi.
Gestur/-ir/nýir félagar: Gestir með Sjöfn voru Sigríður Jóhannsdóttir frá Alfadeild og Jenna Jensdóttir frá Alfadeild.
Orð til umhugsunar: Sigrún Jóhannesdóttir fagnaði lögleiðingu deildarinnar, kynnti alþjóðasamtökin og ýmislegt sem var á döfinni í samtökunum.

Þessar voru teknar inn og eru stofnfélagar i Deltadeild ásamt þeim sem voru teknar inn á Varmalandi:

- **Gróa Erla Ragnvaldsdóttir**
- **Guðríður Aadnegård**
- **Guðrún Jóhannesdóttir**
- **Halldís Anna Gunnarsdóttir**
- **Jensína Valdimarsdóttir**
- **Katrín Árnadóttir**
- **Þrúður Kristjánsdóttir**

Gjaldkeri var valin Hildur Þorsteinsdóttir.
Söngstjórar voru kosnir Jensína Valdimarsdóttir og Guðbjörg Sigurðardóttir.

**2. fundur**
Dagsetning: 28. nóvember 1987.
Fundarstaður: Snorrabúð, Hótel Borgarnesi.
Fundarefni:Inntaka og kynning félaga.
Fyrirlesari /viðfangsefni: Allar á fundinum kynntu sig og starf sitt.
Gestur/-ir/nýir félagar:

- **Ingibjörg Daníelsdóttir**
- **Valgerður Kristjánsson**

Orð til umhugsunar: Allar sem mættu á fundinn höfðu orðið.
Annað t.d. ný stjórn, breytingar: Ákveðið að taka fyrir skólastefnu KÍ á næstu fundum.

**3. fundur**
Dagsetning: 27. febrúar 1988.
Fundarstaður: Hótel Borgarnes.
Fundarefni: Skólastefna KÍ, umræður og uppástungur um viðfangsefni næstu funda.
Fyrirlesari /viðfangsefni: Birna Sigurjónsdóttir kynnti mörkun skólastefnu KÍ.
Gestur/-ir/nýir félagar: Bryndís Þráinsdóttir væntanlegur félagi í Deltadeild.
Orð til umhugsunar: Allar ræddu hugðarefni sín um viðfangsefni næstu funda.
Annað t.d. ný stjórn, breytingar: -

**4. fundur**
Dagsetning: 7. apríl 1988.
Fundarstaður: Hótel Borgarnes.
Fundarefni: Umræður um starfið framundan, kynning á starfi félagskvenna.
Fyrirlesari /viðfangsefni: Hildur Þorsteinsdóttir um BA-nám sitt í sérkennslu í KHÍ, Gyða Bergþórsdóttir um starfsleikninám sitt í Laugarnesskóla, Sigrún Jóhannesdóttir um félagsmálanámskeiðið "Kvennaframa" sem hún hefur haldið fyrir konur víða um land á vegum Samvinnuhreyfingarinnar.
Gestur/-ir/nýir félagar: Agnes Sigurðardóttir og Bryndís Þráinsdóttir væntanlegir nýir félagar.
Orð til umhugsunar: Lesið upp bréf frá Sjöfn Ásbjörnsdóttur um væntanlega fundi á vegum landssambandsins í apríl og maí með hvatningu um að mæta.
Annað t.d. ný stjórn, breytingar:

**5. fundur**
Dagsetning: 14. maí 1988.
Fundarstaður: Hótel Borgarnes.
Fundarefni: Fjölgun félagskvenna um 5. Uppástungur. Kynning á starfi Reggio Emilia á Ítalíu. Umræður um hvernig til hefur tekist með félagsstarfið þetta fyrsta starfsár, mat.
Fyrirlesari /viðfangsefni: Jóhanna Karlsdóttir kynnti starf Reggio Emilia og stýrði umræðum um það efni.
Gestur/-ir/nýir félagar: -
Orð til umhugsunar: Allar tjáðu sig um væntingar til félagsstarfsins.
Annað t.d. ný stjórn, breytingar: Helga Tryggvadóttir var kosin ritari í stjórn í stað Jóhönnu Karlsdóttur sem fer til náms í Danmörku.

## Starfsárið 1988-1989

**Áherslur:** Virkja sem flestar deildarkonur, heimsækja vinnustaði þeirra og fá kynningu á fræðslustarfsemi sem víðast um Vesturland. Bjóða góðum gestum frá landssambandinu til að uppfræða okkur og aðstoða.

### 1. fundur

Dagsetning: 15. október 1988.
Fundarstaður: Hótel Borgarnes.
Fundarefni: Aðalfundur að hausti vegna fráviks um stuttan starfstíma stjórnar.
Fyrirlesari /viðfangsefni: Aðalfundarstörf, skýrsla formanns, hugmyndir um starfið næsta vetur. Skipt í starfshópa sem sjá um dagskrá vetrarins.
Gestur/-ir/nýir félagar: -
Orð til umhugsunar: Allar tjáðu sig um starf sitt og starfsemina framundan. Jensína Valdimarsdóttir kynnti lög og ljóð til söngs.
Annað t.d. ný stjórn, breytingar: Stofnfundarstjórnin var endurkjörin en Kristín Thorlacius kom inn í stjórnina sem 1. varaformaður í stað Jóhönnu Karlsdóttur sem fór utan til náms og Bryndís Þráinsdóttir var ráðin gjaldkeri í stað Hildar Þorsteinsdóttur sem baðst undan að sinna því áfram. Ákveðið var að kaupa ramma utan um stofnskjal deildarinnar!

### 2. fundur

Dagsetning: 12. nóvember 1988.
Fundarstaður: Stillholt Akranesi
Fundarefni: Áhrif myndefnis á börn.
Fyrirlesari /viðfangsefni: Sigríður Jónsdóttir Gammadeild.
Gestur/-ir/nýir félagar: Halldóra Jónsdóttir, Kristín Steinsdóttir væntanlegir félagar.
Orð til umhugsunar: Allar tjáðu sig í umræðum um fundarefnið.
Annað t.d. ný stjórn, breytingar:

### 3. fundur

Dagsetning: 3. desember 1988.
Fundarstaður: Hótel Borgarnes.
Fundarefni: Inntaka nýrra félaga, Tómstundir barna og unglinga.
Fyrirlesari /viðfangsefni: Bryndís Þráinsdóttir sagði frá könnun Þorbjörns Broddasonar.
Gestur/-ir/nýir félagar: -
Þessar konur voru teknar inn:

- **Bryndís Þráinsdóttir**
- **Guðbjörg Árnadóttir**
- **Halldóra Jónsdóttir**
- **Kristín Steinsdóttir**

Orð til umhugsunar: Guðbjörg Sigurðardóttir kynnti lag og ljóð til söngs.
Annað t.d. ný stjórn, breytingar: -

### 4. fundur

Dagsetning: 4. febrúar 1989.
Fundarstaður: Barnaskólinn á Varmalandi.
Fundarefni: Markviss málörvun.

Fyrirlesari /viðfangsefni:Hildur Þorsteinsdóttir og Gróa Ragnvaldsdóttir,
Gestur/-ir/nýir félagar:
Orð til umhugsunar: Guðbjörg Árnadóttir, (komst ekki vegna veðurs og ófærðar).
Annað t.d. ný stjórn, breytingar:-

**5. fundur**
Dagsetning: 4. mars 1989.
Fundarstaður:Hótel Borgarnes.
Fundarefni: Fíkniefnavandinn.
Fyrirlesari /viðfangsefni: Guðrún Geirsdóttir.
Gestur/-ir/nýir félagar: -
Orð til umhugsunar: Guðbjörg Árnadóttir.
Annað t.d. ný stjórn, breytingar: -

**6. fundur**
Dagsetning: 6. apríl 1989.
Fundarstaður: ? líklega Akranes.
Fundarefni: Bókasöfn framtíðar – ný viðhorf á upplýsingaöld.
Fyrirlesari /viðfangsefni:Halldóra Jónsdóttir.
Gestur/-ir/nýir félagar: -
Orð til umhugsunar: Ingibjörg Daníelsdóttir um ferð til Tansaníu í máli og myndum.
Annað t.d. ný stjórn, breytingar: -

## Starfsárið 1989 – 1990

**Áherslur**: Félagskonur héldu áfram að kynna vinnustaði sína, kynnast öðrum deildarkonum og þeirra viðfangsefnum. Ýmis vinna að verkefnum sem tengdust málrækt og ári læsis 1990. Fjölgun félaga.

**1. fundur**
Dagsetning: 30. september 1989.
Fundarstaður: Búðardalur.
Fundarefni: "Forming" og byrjendakennsla - Markmið: lærum hver af annarri.
Fyrirlesari /viðfangsefni: Jóhanna Karlsdóttir sagði frá námsdvöl sinni í Danmörku.
Gestur/-ir/nýir félagar: Guðrún Björnsdóttir, Búðardal, væntanlegur félagi.
Orð til umhugsunar: Gyða Bergþórsdóttir.
Annað t.d. ný stjórn, breytingar: í september 1989 tók Kristín Thorlacius, 1. varaformaður við formennsku í 3 mánuði í námsfjarveru Sigrúnar Jóhannesdóttur frá september1989 til desember. Gyða Bergþórsdóttir var valin gjaldkeri í stað Bryndísar Þráinsdóttur sem flutti til Sauðárkróks.

**2. fundur**
Dagsetning: 28. október 1989.
Fundarstaður: Brekkubæjarskóli Akranesi.
Fundarefni: Málræktarátak í grunnskólum á Vesturlandi.
Fyrirlesari /viðfangsefni: Félagskonur úr skólum á svæðinu lýstu átakinu í ýmsum skólum á Vesturlandi.

Gestur/-ir/nýir félagar: -
Orð til umhugsunar: Jensína Valdimarsdóttir.
Annað t.d. ný stjórn, breytingar: -

**3. fundur**
Dagsetning: 25. nóvember 1989.
Fundarstaður: Hótel Borgarnes.
Fundarefni: Ýmis brýn erindi frá landssambandi. Lærum hver af annarri.
Fyrirlesari /viðfangsefni: Sigrún Jóhannesdóttir sagði frá námsdvöl sinni í Svíþjóð.
Gestur/-ir/nýir félagar: -
Orð til umhugsunar: Félagskonur sögðu frá siðum og venjum sem tengjast litlu-jólunum í ýmsum skólum.
Annað t.d. ný stjórn, breytingar: Guðbjörg Árnadóttir var kosin lögsögumaðurdeildarinnar til að yfirfara lög DKG sem nýlega voru þýdd og staðfærð og gera athugasemdir til laganefndar landssambandsins. Hún fær tvær félagskonur frá Akranesi með sér í það verk. Sigrún Jóhannesdóttir var kosin fulltrúi í ferðanefnd vegna skemmti- og fræðsluferðar á vegum landssambandsins til Illionis.

**4. fundur**
Dagsetning: 10. febrúar 1990.
Fundarstaður: Hótel Borgarnes.
Fundarefni: Umræður um innra starf, fjölgun félaga, bókmenntakynning.
Fyrirlesari /viðfangsefni: Helga Tryggvadóttir og Ingibjörg Daníelsdótti voru með bókmenntakynningu.
Gestur/-ir/nýir félagar: -
Orð til umhugsunar: Guðbjörg Sigurðardóttir.
Annað t.d. ný stjórn, breytingar: Kosin var uppstillinganefnd deildarinnar til að gera tillögur um næstu stjórn: Jensína Valdemarsdóttir, Halldís Gunnarsdóttir og Guðbjörg Sigurðardóttir.

**5. fundur**
Dagsetning: 3. mars 1990.
Fundarstaður: Hótel Borgarnes.
Fundarefni: Saga DKG á Íslandi, árið 1990 var ár læsis á Íslandi, umræður um læsi/ólæs, inntaka nýrra félaga.
Fyrirlesari /viðfangsefni:Sigríður Valgeirsdóttir forseti landssambandsins.
Gestur/-ir/nýir félagar: Eftirfarandi konur voru teknar inn í Deltadeild:

- **Agnes M. Sigurðardóttir**
- **Gerður Karítas Guðnadóttir**
- **Jónína Eiríksdóttir**

Orð til umhugsunar: Umræður og spurningar til fyrirlesara.
Annað t.d. ný stjórn, breytingar: -

**6. fundur - Aðalfundur**
Dagsetning: 21. apríl.
Fundarstaður: Lýsuhóll, Staðarsveit.
Fundarefni: Læsi/ólæsi, aðalfundur og stjórnarkjör.

Fyrirlesari/viðfangsefni: Elmar Þórðarson um rannsókn sína á málþroska og stöðu læsismála á Vesturlandi. Kristín Thorlacius flutti þýðingu sína á grein frá höfuðstöðvunum um ástand læsismála í Bandaríkjunum.
Gestur/-ir/nýir félagar: Jónína Þorgrímsdóttir kennari á Lýsuhóli var gestur fundarins.
Orð til umhugsunar: sr. Rögnvaldur Finnbogason flutti hugleiðingu um mannlíf á Snæfellsnesi.
Annað t.d. ný stjórn, breytingar:Nýja stjórn skipa: Formaður Þrúður Kristjánsdóttir, 1. varaformaður Kristín Thorlacius, 2. varaformaður Guðbjörg Sigurðardóttir, ritari Helga Tryggvadóttir og erlendur bréfritari Halldóra Jónsdóttir. Ný stjórn velur gjaldkera.

## 2. Starfstímabilið 1990-1992

Formaður Þrúður Kristjánsdóttir, 1.varaformaður Kristín Thorlacius, 2. varaformaður Guðbjörg Sigurðardóttir, ritari Helga Tryggvadóttir, erl. bréfritari Halldóra Jónsdóttir, gjaldkeri Gyða Bergþórsdóttir. Sigrún Jóhannesdóttir sat í framkvæmdaráði sem fráfarandi formaður.

### Starfsárið 1990-1991

**Áherslur:** Halda áfram að kynnast skólum og vinnustöðum félaga á Vesturlandi. Umhverfismál voru tekin fyrir á löngum fundi í Munaðarnesi. Áfram áhersla á læsismálefni þar sem skipaður var starfshópur til að gera úttekt á stöðu ólæsis hjá fullorðnum, kynna tölvutækni og taka inn nýja félaga.

**1. fundur**
Dagsetning: 20. október 1990.
Fundarstaður: Samvinnuháskólinn á Bifröst.
Fundarefni: Kynning á Samvinnuháskólanum. Frásögn af vorráðstefnu á Hallormsstað.
Fyrirlesari/viðfangsefni: Saga og breytt starfsemi Samvinnuskólans /Samvinnuháskólans, Jón Sigurðsson rektor skólans.
Gestur/-ir/nýir félagar: -
Orð til umhugsunar: Sigrún Jóhannesdóttir um vorráðstefnuna.
Annað t.d. ný stjórn, breytingar: Þetta var fyrsti fundur nýrrar stjórnar Deltadeildar.

**2. fundur**
Dagsetning: 24. nóvember 1990.
Fundarstaður: Sumarbústaður í Munaðarnesi.
Fundarefni: Umhverfismál, jólastemmning og kortagerð.
Fyrirlesari /viðfangsefni: Hannes Þorsteinsson lífrræðingur var með kröftuga sýnikennslu og hugvekju um "Umhverfi og heimilishald í nútíma þjóðfélagi!"
Gestur/-ir/nýir félagar: -
Orð til umhugsunar: Kristín Steinsdóttir las úr óútkominni bók: Sagan um Ella Palla og systkini hans.
Annað t.d. ný stjórn, breytingar: Heils dags fundur í umsjá Skagakvenna.

**3. fundur**
Dagsetning: 9. mars 1991.
Fundarstaður: Akranes.
Fundarefni: Skýrsla menntamálaráðuneytisins:"Til nýrrar aldar, framtíðarskipan menntamála". Hugmyndir ræddar og skipaður starfshópur um að deildin ynni úttekt á læsisvanda fullorðinna. Einnig hlutverk Deltadeildar sem gestgjafar landssambandsþingsins vorið 1991.
Fyrirlesari /viðfangsefni: Vinnuhópar um skýrsluna, fullorðinslæsi.
Gestur/-ir/nýir félagar: Guðrún Björnsdóttir, Helga Garðarsdóttir og Helga Guðmarsdóttir var boðið að kynna sér félagið.
Orð til umhugsunar:Umræður í hópum.
Annað t.d. ný stjórn, breytingar: -

**4. fundur**
Dagsetning: 13. apríl.
Fundarstaður: Bændaskólinn á Hvanneyri.
Fundarefni: Inntaka nýrra félaga, Landssambandsþing á Bifröst og undirbúningur Delta fyrir sinn þátt sem er umsjón hátíðarkvöldvöku. Undirbúningsnefnd um skipulag vinnu um læsi/ólæsi fullorðinna.
Fyrirlesari/viðfangsefni: Konur í undirbúningsnefnd.
Gestur/-ir/nýir félagar: Inntaka 4 nýrra félaga:
- **Guðrún M. Björnsdóttir**
- **Helga Garðarsdóttir**
- **Helga Guðmarsdóttir**
- **Jónína Þorgrímsdóttir**

Orð til umhugsunar: Umræður í hópavinnu.
Annað t.d. ný stjórn, breytingar: -

## Starfsárið 1991-1992
**Áherslur:** Læsismál fullorðinna.

**1. fundur**
Dagsetning: 16. nóvember 1991.
Fundarstaður: Grundaskóli , Akranesi.
Fundarefni: Læsi fullorðinna.
Fyrirlesari /viðfangsefni: Bergþóra Gísladóttir sérkennslufulltrúi.
Gestur/-ir/nýir félagar: Hertha Jónsdóttir forseti landssambandsins og Bergþóra Gísladóttir væntaleg félagskona.
Orð til umhugsunar: Hertha Jónsdóttir.
Annað t.d. ný stjórn, breytingar: -

**2. fundur - Aðalfundur**
Dagsetning: 24. maí 1992.
Fundarstaður: Hótel Borgarnes.
Fundarefni: Aðalfundarstörf, Skólastjórar og skólastjórnun.
Fyrirlesari /viðfangsefni: Þrúður Kristjánsdóttir.
Gestur/-ir/nýir félagar: -
Orð til umhugsunar:Helga Tryggvadóttir.
Annað t.d. ný stjórn, breytingar: -

## 3. Starfstímabilið 1992-1994

Formaður Hildur Þorsteinsdóttir, 1.varaformaður Helga Guðmarsdóttir, 2. vara-formaður Guðbjörg Sigurðardóttir, ritari Halldóra Jónsdóttir, gjaldkeri Gyða Bergþórsdóttir. Auk þess var Halldís A. Gunnarsdóttir kjörin lögsögumaður deildar. Þrúður Kristjándóttir í framkvæmdaráði deildar sem fráfarandi formaður.

### Starfsárið 1992-1993

**Áherslur:** Vinátta barna og unglinga, tengsl skóla í skólakerfinu, hópaskipting um málefni.

**1. fundur**
Dagsetning: 17. október 1992.
Fundarstaður: Borgarnes.
Fundarefni: Vinátta og félagstengsl barna og Verkefni um vináttu í Grundaskóla.
Fyrirlesari/viðfangsefni : Ásþór Ragnarsson og Jóhanna Karlsdóttir.
Gestur/-ir/nýir félagar: María Hildiþórsdóttir væntanlegur félagi.
Orð til umhugsunar:Kristín Thorlacius.
Annað t.d. ný stjórn, breytingar: -

**2. fundur**
Dagsetning: 21. nóvember 1992.
Fundarstaður: Héraðsbókasafnið á Akranesi.
Fundarefni: Vináttuvika í Brekkubæjarskóla.
Fyrirlesari/viðfangsefni:Jóhanna Karlsdóttir í fjarveru Guðbjargar Árnadóttur
Gestur/-ir/nýir félagar: -
Orð til umhugsunar: Jónína Eiríksdóttir.
Annað t.d. ný stjórn, breytingar: -

**3. fundur**
Dagsetning: 6. mars 1993.
Fundarstaður: Hótel Borgarnes.
Fundarefni: Tengsl í skólakerfinu frá leikskóla til framhaldsskóla.
Fyrirlesari/viðfangsefni:Jónína Þorgrímsdóttir fyrir hönd hóps 3
Gestur/-ir/nýir félagar: Bergþóra Gísladóttir væntanlegur félagi.
Orð til umhugsunar: Þrúður Kristjánsdóttir.
Annað t.d. ný stjórn, breytingar: -

**4. fundur**
Dagsetning: 17. apríl 1993.
Fundarstaður: Varmalandsskóli.
Fundarefni: Umræður um innri mál deildarinnar og kynning á Varmalandsskóla.
Fyrirlesari/viðfangsefni: Deildarkonur og Ingibjörg Daníelsdóttir.
Gestur/-ir/nýir félagar: Inntaka nýrra félaga:

- **Bergþóra Gísladóttir**

Orð til umhugsunar: Allar tóku þátt í umræðum.
Annað t.d. ný stjórn, breytingar: -

**Starfsárið 1993-1994**

**Áherslur:** Innra starf deildarinnar, fjölgun félaga, kynning á skólum og fræðslustofnunum, bókmenntaumræða. Málefni fjölskyldunnar – 1994 ár fjölskyldunnar.

ath. Ýmsar ytri aðstæður gerðu starfið erfitt þetta starfsár og samgönguerfiðleikar og ill veður höfðu mikil áhrif á fundarsókn.

**1. fundur**
Dagsetning: 9. október 1993.
Fundarstaður: Heiðarskóli Borgarfirði.
Fundarefni: Innra starf deildarinnar, kynning á Heiðarskóla og námsdvöl í Kaliforníu.
Fyrirlesari/viðfangsefni:Guðbjörg Sigurðardóttir, Sigrún Jóhannesdóttir
Gestur/-ir/nýir félagar: -
Orð til umhugsunar: -
Annað t.d. ný stjórn, breytingar: Bergþóra Gísladóttir var kosin í menntamálanefnd f.h. deildar og Helga Guðmarsdóttir lögsögumaður deildar. Ingibjörg Daníelsdóttir og Katrín Árnadóttir sögðu sig úr DKG og Helga Garðarsdóttir flutti af félagssvæðinu.

**2. fundur**
Dagsetning: 13. nóvember 1993.
Fundarstaður: Borgarnes, heima hjá Kristínu Thorlacius.
Fundarefni: Erindi um samkennslu í dreifbýli, umræður um bókina Ástkær eftir Toni Morrison.
Fyrirlesari/viðfangsefni: Kristín Thorlacius, Bergþóra Gísladóttir stýrði bókmenntaumræðu.
Gestur/-ir/nýir félagar: -
Orð til umhugsunar: Hildur Þorsteinsdóttir.
Annað t.d. ný stjórn, breytingar: -

**3. fundur - Aðalfundur**
Dagsetning: 7. maí 1994.
Fundarstaður: í Grunnskólinn í Borgarnesi.
Fundarefni: Hugmyndir um Norræna skólasetrið á Hvalfjarðarströnd.
Fyrirlesari : Sigurlín Sveinbjarnardóttir.
Gestur/-ir/nýir félagar: -
Orð til umhugsunar:-
Annað t.d. ný stjórn, breytingar:Uppstillingarnefnd:Gyða Bergþórsdóttir og Helga Guðmarsdóttir kynntu tillögu um nýja stjórn deildar.

## 4. Starfstímabilið 1994-1996

Formaður Sigrún Jóhannesdóttir, 1. varaformaður Bergþóra Gísladóttir, 2. varaformaður Agnes M. Sigurðardóttir, ritari Kristín Thorlacius, lögsögumaður Helga Guðmarsdóttir, gjaldkeri Gyða Bergþórsdóttir. (Tvær úr stjórninni fluttu burt á haustdögum, Bergþóra Gísladóttir til Svíþjóðar og Agnes Sigurðardóttir til Ísafjarðar. Héldu þó áfram að vera félagar í Deltadeild). Hildur Þorteinsdóttir sat í framkvæmdaráði sem fráfarandi formaður.

## Starfsárið 1994-1995

**Áherslur:** Upplýsingatækni, staða fjölskyldunnar, listsköpun og handverk. Formfesta í starfi deildarinnar, skriflegar starfsreglur settar og unnið að ákveðnum markmiðum. Stefnt að því að fjölga félögum í 20 í lok starfstímabils.

**1. fundur**
Dagsetning: 22. október 1994.
Fundarstaður: Samvinnuháskólinn á Bifröst.
Fundarefni: Kynning á samtökunum, upplýsingatækni í kennslu og skólastarfi. Félagar sögðu frá námskeiðum sumarsins.
Fyrirlesari/viðfangsefni: Ragnheiður Stefánsdóttir forseti landssambandsins. Sigrún Jóhannesdóttir lektor á Bifröst og formaður Delta.
Gestur/-ir/nýir félagar: Ragnheiður Stefánsdóttir landssambandsforseti, Dr. Sigrún Klara Hannesdóttir og Dr. Anne Clyde dósent í upplýsingafræðum.
Væntanlegir félagar: Magnea Jóhannsdóttir, Aldís Eiríksdóttir, Harpa Hreinsdóttir, Sigrún H. Sigurðardóttir, Hugrún Óladóttir, Anh-Dao Tran, Rósa Erlendsdóttir.
Orð til umhugsunar:Jónína Eiríksdóttir.
Annað t.d. ný stjórn, breytingar: -

**2. fundur**
Dagsetning: 26. nóvember 1994.
Fundarstaður: Kleppjárnsreykir.
Fundarefni: Málefni fjölskyldunnar í vinnuþjökuðu samfélagi: Kona, fjölskylda og samfélag. Jólasiðir í ýmsum löndum, hringborðsumræður. Jólakortagerð sem Aldís Eiríksdóttir stýrði.
Fyrirlesari/viðfangsefni: Rósa Þorbjörnsdóttir.
Gestur/-ir/nýir félagar: Aldís Eiríksdóttir, Anh-DaoTran, Hugrún Óladóttir, Sigríður Bjarnadóttir væntanlegir félagar.
Orð til umhugsunar: Jólasiðir í ýmsum löndum - allar
Annað t.d. ný stjórn, breytingar: Agnes Sigurðardóttir og Bergþóra Gísladóttir flytja á brott og hverfa þar með úr stjórn, Bergþóra tímabundið.

**3. fundur**
Dagsetning: 22. mars 1995.
Fundarstaður: Akranes.
Fundarefni: List á Skaga heimsókn í Listasetrið Kirkjuhvol. Þátttaka Delta í Landsambandsþingi á Flúðum.
Fyrirlesari/viðfangsefni: Listakonurnar Jóhanna Jónsdóttir, Steinunn Guðmundsdóttir, Margrét Jónsdóttir og Hrönn Eggertsdóttir sýndu verk sín og lýstu vinnubrögðum.
Gestur/-ir/nýir félagar: Hugrún Óladóttir og Elísabet Jóhannsdóttir væntanlegir félagar.
Orð til umhugsunar: Þrúður Kristjánsdóttir.
Annað t.d. ný stjórn, breytingar: -

**4. fundur**
Dagsetning: 13. maí 1995.
Fundarstaður: Hvanneyri.
Fundarefni: Inntaka nýrra félaga, saga skólans og staðarins, hugvekja í Hvanneyrarkirkju, heimsókn í Ullarselið og á leirlistarverkstæðið.,
Fyrirlesari/viðfangsefni: Steinunn Ingólfsdóttir, Sr. Sigríður Guðmundsdóttir, Jóhanna Pálsdóttir forstöðukona ullarselsins. Elísabet ??
Gestur/-ir/nýir félagar: Inntaka nýrra félaga:

- **Aldís Eiríksdóttir,**
- **Anh-DaoTran,**
- **Harpa Hreinsdóttir,**
- **Hugrún Óladóttir,**
- **Magnea Jóhannsdóttir,**
- **Steinunn S. Ingólfsdóttir**

Orð til umhugsunar: Steinunn Ingólfsdóttir
Annað t.d. ný stjórn, breytingar: -

## Starfsárið 1995-1996

**Áherslur:** Stefnt að því að leggja áherslu á að vinna í takt við markmið 3, 6 og 7**.** Ný lög voru sett um flutning grunnskólans frá ríki til sveitarfélaganna og ákveðið að leggja áherslu á að fara yfir þau, segja álit okkar og senda sveitarstjórnum á Vesturlandi. og ræða gæðamál í skólastarfi. Settum okkur skriflegar starfsreglur: Virkja sem flestar konur á hverjum fundi, ýta undir og styðja konur sem eru að gera eitthvað nýtt eða óvenjulegt, nota heimilin og skólana sem fundarstaði, hafa fundi á jaðarsvæðum haust og vor, halda vel utan um félaga og hvetja til virkni, vera sýnilegar í héraðinu varðandi menntamál, halda betur utan um söguleg gögn og bjóða gestum úr öðrum deildum á fundi.

**1. fundur**
Dagsetning: 7. október1995.
Fundarstaður: Grunnskólinn í Búðardal.
Fundarefni: Flutningur grunnskóla, Námsdvöl í Svíþjóð.
Fyrirlesari/viðfangsefni: Snorri Þorsteinsson fræðslustjóri, Bergþóra Gísladóttir.
Gestur/-ir/nýir félagar: Elísabet Jóhannsdóttir, Þóra Tryggvadóttir væntanlegir félagar.
Orð til umhugsunar: Miklar umræður allra.
Annað t.d. ný stjórn, breytingar: Fyrsta sinn sem talað er um í fundargerð að dregið sé í happdrættinu !

**2. fundur**
Dagsetning: 6. nóvember 1995.
Fundarstaður: Borgarnes.
Fundarefni: Flutningur grunnskóla, framhaldsumræða.
Fyrirlesari : Bergþóra Gísladóttir.
Gestur/-ir/nýir félagar: -
Orð til umhugsunar:Hildur Þorsteinsdóttir.
Annað t.d. ný stjórn, breytingar: -

**3. fundur**
Dagsetning: 24. febrúar 1996.
Fundarstaður: Fjölbrautaskóli Vesturlands, Akranesi.
Fundarefni: Möguleikar internetsins í kennslu og á bókasöfnum.
Fyrirlesari/viðfangsefni: Harpa Hreinsdóttir og Halldóra Jónsdóttir.
Gestur/-ir/nýir félagar: Elísabet Jóhannsdóttir, Helga Gunnarsdóttir, Sigurveig Sigurðardóttir væntanlegir félagar.
Orð til umhugsunar: Helga Gunnarsdóttir um gæðastjórnun í skólum.
Annað t.d. ný stjórn, breytingar: Uppstillingarnefnd fyrir aðalfund deildar skipa: Jóhanna Karlsdóttir, Harpa Hreinsdóttir og Gyða Bergþórsdóttir.

**4. fundur - Aðalfundur**
Dagsetning: 24. apríl 1996.
Fundarstaður: Ytri-Tunga, Snæfellsnesi.
Fundarefni: Auk aðalfundarstarfa, Starfsemi alþjóðasamtakanna og landssambandsins.
Fyrirlesari/viðfangsefni:Sigrún Klara Hannesdóttir
Gestur/-ir/nýir félagar: Sigrún Klara forseti landssambandsins var gestur fundarins einnig Guðný Árnadóttir væntanlegur félagi.
Orð til umhugsunar: Gyða Bergþórsdóttir.
Annað t.d. ný stjórn, breytingar, fréttir af félagskonum: -

## 5. Starfstímabilið 1996-1998

Formaður Bergþóra Gísladóttir fyrra árið og Jóhanna Karlsdóttir síðara árið, 1. varaformaður Hugrún Óladóttir fyrra árið en Kristín Thorlacius síðara árið, 2. varaformaður Jóhanna Karlsdóttir fyrra árið en Anh-Dao Tran síðara árið, ritari Kristín Thorlacius fyrra árið en Jónína Eiríksdóttir síðara árið, gjaldkeri Gyða Bergþórsdóttir sem var sú eina sem ekki skipti um hlutverk á miðju starfstímabili!

### Starfsárið 1996-1997

**Áherslur:** Gæðastjórnun, mat á skólastarfi og líðan unglingsstúlkna, konur og kristni.

**1. fundur**
Dagsetning: 9. nóvember 1996.
Fundarstaður: Borgarnes.
Fundarefni: Mat á skólastarfi, úttekt á viðskiptafræðimenntun á háskólastigi á Íslandi, gæðastjórnun.
Fyrirlesari/viðfangsefni: Sigrún Jóhannesdóttir.
Gestur/-ir/nýir félagar: -
Orð til umhugsunar: -
Annað t.d. ný stjórn, breytingar: -

**2. fundur**
Dagsetning: 7. desember 1996.
Fundarstaður: Reykholtsskóli.

Fundarefni: Helgar meyjar, konur og kristni. Leiðsögn um Reykholtskirku og Snorrastofu. Tónleikar í Reykholtskirkju á vegum tónlistarfélags Borgarfjarðar.
Fyrirlesari/viðfangsefni: Inga Huld Hákonardóttir, sr. Geir Waage.
Gestur/-ir/nýir félagar: Áhugafólki um efnið í héraðinu var boðið að vera á fundinum.
Orð til umhugsunar: Sigrún Jóhannesdóttir um alþjóðaþing í Ohio sumarið 1996.
Annað t.d. ný stjórn, breytingar: -

**3. fundur**
Dagsetning: 3. maí 1997.
Fundarstaður: Grundaskóli Akranesi.
Fundarefni: Unglingsstúlkur og skóli.
Fyrirlesari : Sigurveig Sigurðardóttir.
Gestur/-ir/nýir félagar: Inntaka nýrra félaga:

- **Helga Gunnarsdóttir**
- **Sigurveig Sigurðardóttir**

Orð til umhugsunar: Gyða Bergþórsdóttir um alþjóðlegan bænadag kvenna.
Annað t.d. ný stjórn, breytingar: Miklar breytingar á miðju starfstímabili. 1997-1998 tók Jóhanna Karlsdóttir við formennsku af Bergþóru Gísladóttur sem flutti til Blönduóss, Kristín Thorlacius tók við sem 1. varaformaður af Hugrúnu Óladóttur sem flutti til útlanda og Anh-Dao Tran tók við sem 2. varaformaður af Jóhönnu Karlsdóttur sem varð formaður og Jónína Eiríksdóttir tók við sem ritari af Kristínu Thorlacius.

## Starfsárið 1997-1998

**Áherslur:** Endurnýjun í stjórninni þar sem bæði formaður og varaformaður fluttu frá félagssvæðinu. Þema var ákveðið: Margmiðlun, tölvur og upplýsingatækni.

**1. fundur**
Dagsetning: 6. nóvember.
Fundarstaður: Grundaskóli Akranesi.
Fundarefni: Aukaaðalfundur, vetrarstarfið, landssambandsþingið 1997, Tölvur og tónlist, margmiðlunarverkefni.
Fyrirlesari/viðfangsefni: Flosi Einarsson kennari í Grundaskóla.
Gestur/-ir/nýir félagar: -
Orð til umhugsunar: Jensína Valdimarsdóttir.
Annað t.d. ný stjórn, breytingar: -

**2. fundur**
Dagsetning: 6. desember 1997.
Fundarstaður: Bændaskólinn á Hvanneyri.
Fundarefni: Fjarkennslubúnaður Bændaskólans. Reynslusögur félagskvenna sem hafa verið í fjarnámi. 10 ára afmæli Deltadeildar. Helgistund í kirkjunni.
Fyrirlesari : Bjarki Már Karlsson, sr. Sigríður Guðmundsdóttir.
Gestur/-ir/nýir félagar: -
Orð til umhugsunar: -Kristín Thorlacius las hugvekju eftir mann sinn Rögnvald Finnbogason heitinn.
Annað t.d. ný stjórn, breytingar: -

**3. fundur**
Dagsetning: 19. febrúar 1998.
Fundarstaður: Grunnskólinn í Borgarnesi
Fundarefni: Notkun internets og tölvu í grunnskóla.
Fyrirlesari/viðfangsefni: Þór Jóhannsson.
Gestur/-ir/nýir félagar: -
Orð til umhugsunar: Helga Guðmarsdóttir.
Annað t.d. ný stjórn, breytingar: -

**4. fundur - Aðalfundur**
Dagsetning: 25. mars.
Fundarstaður: Borgarnes, heimili Kristínar Thorlacius.
Fundarefni: Aðalfundarstörf, Undirbúningur Delta fyrir vorráðstefnu, landssambandsins á Hvanneyri. Sýningarbás og erindi.
Fyrirlesari/viðfangsefni: Allar, umræður.
Gestur/-ir/nýir félagar: -
Inntaka nýrra félaga:

- **Elísabet Jóhannsdóttir**
- **Guðný Helga Árnadóttir**

Orð til umhugsunar:Kristín Thorlacius, bókmenntaumræða.
Annað t.d. ný stjórn, breytingar: -

## 6. Starfstímabilið 1998-2000

Formaður Jóhanna Karlsdóttir, 1. varaformaður Kristín Thorlacius, 2. varaformaður Anh-Dao Tran og síðar Jensína Valdimarsdóttir, ritari Jónína Eiríksdóttir og síðar Helga Guðmarsdóttir, gjaldkeri Gyða Bergþórsdóttir.

### Starfsárið 1998-1999

**Áherslur:** Kortlagning á viðhorfum kennara á futningi grunnskólans frá ríki til sveitarstjórna. List-og verkgreinakennsla, myndskreytingar barnabóka.
Í tilefni aldamóta: Landafundir, kristnitaka.

**1. fundur**
Dagsetning: 30. október 1998.
Fundarstaður: Hyrnan í Borgarnesi.
Fundarefni: Starf og verkefni vetrarins, hugmyndasöfnun.
Fyrirlesari/viðfangsefni: Jóhanna Karlsdóttir formaður safnaði hugmyndum.
Gestur/-ir/nýir félagar: -
Orð til umhugsunar:-
Annað t.d. ný stjórn, breytingar: -

**2. fundur**
Dagsetning: 28. nóvember 1998.
Fundarstaður: Kleppjárnsreykir Borgarfirði.
Fundarefni: Áherslubreytingar í verkgreinum í skólakerfinu.

Fyrirlesari/viðfangsefni: Guðrún Helgadóttir skólastjóri Myndlista- og handíðaskóla Íslands.
Gestur/-ir/nýir félagar: Ingibjörg Adda Konráðsdóttir væntanlegur félagi.
Orð til umhugsunar: Almennar umræður.
Annað t.d. ný stjórn, breytingar: -

**3. fundur**
Dagsetning: 13. febrúar 1999.
Fundarstaður: Lækjarbrekka Reyjavík.
Fundarefni/viðfangsefni: Staða kynjanna í heimi leikfanganna og myndskreytingar barnabóka.
Fyrirlesari/viðfangsefni: Margrét Tryggvadóttir bókmenntafræðingur.
Gestur/-ir/nýir félagar: -
Orð til umhugsunar: Farið á dönsku bíómyndina Festen!
Annað t.d. ný stjórn, breytingar: -

**4. fundur**
Dagsetning: 21. apríl 1999.
Fundarstaður: Hvanneyri.
Fundarefni: Niðurstaða menntamálanefndar Deltadeildar um áhrif flutnings grunnskólans til sveitarfélaga. Inntaka nýrra félaga.
Fyrirlesari/viðfangsefni: Jóhanna Karlsdóttir fyrir hönd nefndar.
Gestur/-ir/nýir félagar inntaka nýrra félaga:

- **Ásta Egilsdóttir**
- **Ingibjörg Adda Konráðsdóttir**
- **Soffía Sigurjónsdóttir**

Orð til umhugsunar: Kristín Thorlacius las ljóð.
Annað t.d. ný stjórn, breytingar: Tillaga um að gerð verði grein fyrir niðurstöðu könnunarinnar á landssambandsþing og einnig verði þær sendar héraðsfréttablaðinu Skessuhorni. Tvær hætta í stjórn: Anh-Dao Tran flytur til Bandaríkjanna og Jónína Eiríksdóttir fer til Árósa í Danmörku í ársorlof.

**Starfsárið 1999-2000**

**Áherslur**: Saga þjóðar, kristnitakan og landafundir í tilefni aldamótanna.

**1. fundur**
Dagsetning: 13. október.
Fundarstaður: Búðardalur.
Fundarefni: Aukaaðalfundur, heimsókn á Eiríksstaði í Dölum og rifjuð upp Eiríks saga rauða. Barnabók sem Jóhanna vinnur með Leif Aidt og Jette Jörgensen fyrir Námsgagnastofnun. Samstarfsverkefni Íslendinga og Grænlendinga.
Fyrirlesari/viðfangsefni: Jóhanna Karlsdóttir.
Gestur/-ir/nýir félagar: -
Orð til umhugsunar: Umræður.
Annað t.d. ný stjórn, breytingar: Jensína Valdemarsdóttir kosin í stjórn í stað Anh-Dao Tran og Helga Guðmarsdóttir ritari í stað Jónínu Eiríksdóttur.

**2. fundur**
Dagsetning: 25. nóvember 1999.

Fundarstaður: Hyrnan í Borgarnesi.
Fundarefni: Jólahald í ýmsum myndum og bókatíðindi.
Fyrirlesari/viðfangsefni:Hildur Þorsteinsdóttir.
Gestur/-ir/nýir félagar: -
Orð til umhugsunar: Gyða Bergþórsdóttir.
Annað t.d. ný stjórn, breytingar: -

**3. fundur**
Dagsetning: 17. febrúar 2000.
Fundarstaður: Landmælingar ríkisins á Akranesi.
Fundarefni: Nýir kennsluhættir með aðstoð tækninnar, Jarðfræði og þjóðsögur á Snæfellsnesi í samstarfi jarðfræðikennara og íslenskukennara. Bókaspjall.
Fyrirlesari/viðfangsefni: Harpa Hreinsdóttir, Kristín Thorlacius.
Gestur/-ir/nýir félagar: Sigríður Jónsdóttir landsforseti.
Orð til umhugsunar: Halldóra Jónsdóttir.
Annað t.d. ný stjórn, breytingar: -

**4. fundur - Aðalfundur**
Dagsetning: 1. apríl 2000.
Fundarstaður: Ytri-Tunga Snæfellsnesi
Fundarefni: Aðalfundarstörf, fréttir af félögum og gönguferð í fjöru.
Fyrirlesari/viðfangsefni: Ingibjörg Adda las bréf frá Jónínu Eiríksdóttur.
Gestur/-ir/nýir félagar: -
Orð til umhugsunar:Jónína Þorgrímsdóttir.
Annað t.d. ný stjórn, breytingar: -

## 7. Starfstímabilið 2000-2002

Formaður Jensína Valdimarsdóttir, 1. varaformaður Kristín Thorlacius 2. varaformaður Ásta Egilsdóttir, ritari Helga Guðmarsdóttir, gjaldkeri Gyða Bergþórsdóttir.

### Starfsárið 2000-2001

**Áherslur:** Mannrækt og menntun, siðferði og uppeldi, landafundir.

**1. fundur**
Dagsetning: 26. október 2000.
Fundarstaður: Reykholt.
Fundarefni: Námsdvöl í Danmörku, umræður um siðfræði og uppeldi.
Fyrirlesari: Jónína Eiríksdóttir.
Gestur/-ir/nýir félagar: Sesselja Hákonardóttir væntanlegur félagi.
Orð til umhugsunar: Kristín Thorlacius.
Annað t.d. ný stjórn, breytingar: -

**2. fundur**
Dagsetning: 26. febrúar 2001.
Fundarstaður: Hyrnan í Borgarnesi.
Fundarefni: Sameiginlegur fundur með Gammadeild, mannrækt og menntun.

Fyrirlesari: Valgerður Snæland Gammadeild.
Gestur/-ir/nýir félagar: Félagar í Gammadeild.
Orð til umhugsunar:Umræður félaganna.
Annað t.d. ný stjórn, breytingar:Tilnefningar í nefndir landssambandsins, Gyða Berþórsdóttir tilnefnd sem skoðunarmaður reikninga, Sigurveig Sigurðardóttir tilnefnd í uppstillingarnefnd og Ingibjörg Adda Konráðsdóttir tilnefnd í fjárhagsnefnd.

**3. fundur**
Dagsetning: 2. maí 2001.
Fundarstaður: Eiríksstaðir í Haukadal.
Fundarefni: Saga bæjarins, Halldóra Jónsdóttir las úr bók Jóhönnu Karlsdóttur þegar Þorbjörg völva kom til Eiríks rauða.
Fyrirlesari: Sigríður Hrönn Theodórsdóttir húsvörður Eiríksstaða,
Gestur/-ir/nýir félagar: -
Orð til umhugsunar: Ingibjörg Adda Konráðsdóttir.
Annað t.d. ný stjórn, breytingar: -

## Starfsárið 2001-2002

**Áherslur:** Mannrækt, efling félagskvenna

**1. fundur**
Dagsetning: 11. október 2001.
Fundarstaður: Esjuvellir 8, Akranesi.
Fundarefni: Umræður um vetrarstarfið.
Fyrirlesari: Hópavinna og umræður.
Gestur/-ir/nýir félagar:
Orð til umhugsunar: Allar!
Annað t.d. ný stjórn, breytingar: -

**2. fundur**
Dagsetning: 22. janúar 2002.
Fundarstaður: Hvanneyri.
Fundarefni: Kynjamunur og sjálfstyrkingarnámskeið karla og Skólakerfið og strákar.
Fyrirlesari/-ar : Ásþór Ragnarsson og Lilja Ólafsdóttir.
Gestur/-ir/nýir félagar: Guðlaug Erla Gunnarsdóttir, Guðlaug Margrét Sverrisdóttir, Þórunn Reykdal, Guðrún G. Halldórsdóttir og Dagný Emilsdóttir væntanlegir félagar.
Orð til umhugsunar: Kynning á Andakílsskóla, Gyða Bergþórsdóttir.
Annað t.d. ný stjórn, breytingar: -
Ákveðið að sækja um alþjóðlegan styrk vegna námsefnisgerðar um Leif Eiríksson sem Jóhanna Karlsdóttir vinnur.

**3. fundur**
Dagsetning: 28. febrúar 2002
Fundarstaður: Grunnskólinn í Borgarnesi.
Fundarefni: Kynning á nýju námsefni um Leif Eiríksson, bók og myndband.
Fyrirlesari : Jóhanna Karlsdóttir.

Gestur/-ir/nýir félagar: Dagný Emilsdóttir væntanlegur félagi.
Orð til umhugsunar: Kristín Thorlacius.
Annað t.d. ný stjórn, breytingar: -

**4. fundur**
Dagsetning: 4. apríl 2002
Fundarstaður: Hveragerði, sem gestir Epsilondeildar.
Fundarefni: Í umsjá Epsilondeildar.
Fyrirlesari : Guðrún Einarsdóttir í veikindaforföllum Hörpu Hreinsdóttur.
Gestur/-ir/nýir félagar:
Orð til umhugsunar: Boletta Höeg og Pálína Snorradóttir (Epsilon).
Annað t.d. ný stjórn, breytingar: -

**5. fundur - Aðalfundur**
Dagsetning: 30. maí 2002
Fundarstaður: Ytri-Tunga, Snæfellsnesi (gamla fjárhúsið).
Fundarefni: Aðalfundarstörf, Línudans, Auglýst eftir sjálfboðaliðum á Evrópuráðstefnu í Reykjavík 2003.
Fyrirlesari: Jensína Valdemarsdóttir, Guðlaug Sverrisdóttir.
Gestur/-ir/nýir félagar: -
Orð til umhugsunar: Elísabet Jóhannesdóttir
Annað t.d. ný stjórn, breytingar: - Ný stjórn kjörin: Formaður Jónína Eiríksdóttir, 1. varaformaður Kristín Thorlacius, 2. varaformaður Ásta Egilsdóttir, ritari Ingibjörg Adda Konráðsdóttir, gjaldkeri Gyða Bergþórsdóttir.

## 8. Starfstímabilið 2002-2004

Formaður Jónína Eiríksdóttir, 1. varaformaður Kristín Thorlacius, 2. varaformaður Ásta Egilsdóttir, ritari Ingibjörg Adda Konráðsdóttir, gjalderi Gyða Bergþórsdóttir.

### Starfsárið 2002-2003

**Áherslur:** Evrópuþingið í ágúst 2003

**1. fundur**
Dagsetning: 8. október 2002
Fundarstaður: Fjölbrautarskóli Akraness
Fundarefni: Distributed Learning, Dreifkennsla
Fyrirlesari: Harpa Hreinsdóttir íslenskukennari þar
Gestur/ir: Etadeild
Orð til umhugsunar: Oddný H. Björgvinsdóttir formaður Eta
Annað: Við skoðuðum bókasafn Fjölbrautarskóla Vesturlands með Sæbjörgu Jónsdóttur

**2. fundur**
Dagsetning: 30 nóvember 2002
Fundarstaður: Snorrastofa í Reykholti

Fundarefni: Inntaka og kynning á markmiðum og starfi Delta Kappa Gamma og hvernig þau falla að okkar eigin raunveruleika. Starf Snorrastofu kynnt.
Fyrirlesari: Sigrún Jóhannesdóttir og Bergur Þorgeirsson
Gestur/ir = Nýir félagar: Brynja Helgadóttir, Dagný Emilsdóttir, Theodóra Þorsteinsdóttir og Þórunn Reykdal.
Annað: margar okkar fóru eftir fundinn á tónleika Tónlistarfélagsins með Söngsveitinni Fílharmoníu ásamt Sigrúnu Hjálmtýsdóttur í Reykholtskirkju

**3. fundur**
Dagsetning: 19. febrúar 2003
Fundarstaður: Grunnskólinn í Borgarnesi
Fundarefni: Vesturland ferðamannsins og starf UKV
Fyrirlesari: Hrafnhildur Tryggvadóttir starfsmaður Upplýsinga- og kynningarmiðstöðvar Veseturlands
Gestur/ir
Orð til umhugsunar: Jónína Þorgrímsdóttir

**4. fundur**
Dagsetning: 8. apríl 2003
Fundarstaður: Grundaskóli Akranesi
Fundarefni: Nýbúar á Íslandi, innflytjendur og staða barnanna í skólakerfinu okkar.
Fyrirlesari: Anh Dao
Gestur/ir: Áslaug Brynjólfsdóttir forseti DKG á Íslandi
Orð til umhugsunar: Áslaug Brynjólfsdóttir
Önnur þátttaka í starfsemi DKG á starfsárinu.
Stjórnir og nefndir: Landssambandsins: Formaður er sjálfkrafa í framkvæmdaráði landssambandsins, Sóttar ráðstefnur og þing: 0

## Starfsárið 2003-2004

**1. fundur**
Dagsetning: 28. október 2003
Fundarstaður: Bifröst
Fundarefni: Kynning á skólanum í Bifröst, staðnum og starfinu þar.
Fyrirlesari: Runólfur Ágústsson rektor
Gestur/ir: Ásta Björk Stefánsdóttir eiginkona rektors var með okkur allt kvöldið
Orð til umhugsunar: Þórunn Reykdal sagði frá Evrópuþingi Delta Kappa Gamma, sem haldið var í Reykjavík í ágúst 2003 og hún tók þátt í.

**2. fundur**
Dagsetning: 27. nóvember 2003
Fundarstaður:Hvítárbakki
Fundarefni: Heiðurskonur, Inga Stefánsdóttir á Hvítárbakka og Vigdís Sigvaldadóttir Brennistöðum heiðraðar fyrir störf í þágu ungmenna og uppeldis.
Fyrirlesari: Inga Stefánsdóttir sagði frá starfi sínu og Sigurðar Ragnarssonar við unglingaheimilið á Hvítárbakka. Vigdís Sigvaldadóttir sagði frá starfi þeirra Árna Theodórssonar við uppeldis- og umönnunarstörf á Brennistöðum.
Gestur/ir: Inga Stefánsdóttir og Vigdís Sigvaldadóttir

Orð til umhugsunar
Annað: Steinunn Ingólfsdóttir hefur sagt sig úr samtökunum.

**3. fundur**
Dagsetning:12. febrúar 2004
Fundarstaður: Grundaskóli á Akranesi
Fundarefni: Kulnun í starfi
Fyrirlesari: Anna Þóra Baldursdóttir Betadeild
Gestur/ir: Epsilondeild af Suðurlandi
Orð til umhugsunar
Annað:Happdrættisvinningurinn fór til Epsilonkvenna

**4. fundur**
Dagsetning:18. mars 2004
Fundarstaður: Litla-Brekka í Bernhöftstorfu eftir heimsókn til Önnu Kristínar Gunnarsdóttur alþingismanns á vinnustað hennar, Alþingi v. Austurvöll.
Fundarefni:Starf alþingismanns, sérstaklega það sem lýtur að menntamálum.
Fyrirlesari:Anna Kristín Gunnarsdóttir
Gestur/ir: Gammadeild var með okkur í heimsókn og fundinum.
Orð til umhugsunar: Kristrún Ísaksdóttir og Anh Dao
Annað:Anna Kristín sagði frá styttingu framhaldsskólans til stúdentsprófs.

**5. fundur**
Dagsetning:6. maí 2004
Fundarstaður:Ytri-Tunga Staðarsveit hjá Jónínu Þorgrímsd.
Fundarefni:Vefur Ástu Egilsdóttur og aðalfundastörf
Fyrirlesari: Ásta Egilsdóttir
Gestur/ir:
Orð til umhugsunar: Hver og ein segir frá sjálfri sér.
Annað:Ný stjórn, Soffía, Brynja, Kristín Thorl., Jónína fyrrv. formaður og Gyða gjaldk.
Önnur þátttaka í starfsemi DKG á starfsárinu.

# 9. Starfstímabilið 2004-2006

Formaður Soffía Sigurjónsdóttir, 1. varaformaður Kristín Thorlacius, 2. varaformaður Brynja Helgadóttir, ritari Jónína Eiríksdóttir, gjaldkeri Gyða Bergþórsdóttir.

### Starfsárið 2004-2005

**1. fundur**
Dagsetning:4. nóvember 2004
Fundarstaður: Engjaskóli í Grafarvogi og Námsflokkar Reykjavíkur
Fundarefni: Tvær skólastofnanir í Reykjavík
Fyrirlesari: Guðrún Erla í Engjaskóla, Guðrún Halldórsdóttir í Námsflokkunum.
Annað: Matur snæddur á veitingastað Vietnamanna, Asíu sem Gðrún Halldórsdóttir tók á sínum tíma undir sinn verndarvæng.

**2. fundur**
Dagsetning: 27. nóvember 2004
